



10. janúar 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Húsrýmislykill fyrir skóla í Skarðshlíð

Minnisblað þetta tengist umræðu og gerð húsrýmislykils fyrir skóla í Skarðshlíð sem mun fara í útboð sem fyrst. Húsrýmislykillinn er sérstök lýsing eða þarfagreining á aðstöðu nýs skóla sem er grunnur hönnunar á skóla.

1. Gerð húsrýmislykilsins

Grunnur og viðmið að skólahúsnæði og skólalóðum í Hafnarfirði. Í sérhverju tilviki verður til nýr lykill sem unnin er út frá þessum grunni þegar nýr skóli er hannaður. Við hvern nýjan skóla sem er hannaður þarf því að endurskoða þann húsrýmislykil sem fyrir er og endurgera fyrir nýjan skóla út frá sérstöðu hans og áherslum - líkt og við á í tilviki Skarðshlíðarskóla þar sem sambyggður er leikskóli, grunnskóli og tónlistarskólaútbú. Húsrýmislykill fyrir Skarðshlíðarskóla er í lokavinnslu.

2. Vinnuferlið

Undir forystu sviðsstjóra hefur, síðan í nóvember 2016 farið fram samráðsferli innan fræðslu- og frístundaþjónustunnar um gerð húsrýmislykils fyrir væntanlegan skóla í Skarðshlíð. Samráðsferlið hefur byggst á því að stjórnendur á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar hafa hitt ýmsa aðila innan kerfis með fagþekkingu á tilteknum málefnum um einstaka þætti húsrýmislykilsins (leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, tómstundastarf) og afmarkaða hluta innan þeirra (stjórnun, kennslurými, stoðþjónusta, geymslurými o.s.frv.). Sömu leiðis hafa nýlegar skólabyggingar í öðrum sveitarfélögum verið skoðaðar og nýting skólahúsnæðis innan Hafnarfjarðar. Á grunni þeirrar umræðu var endurskoðaður sá húsrýmislykill sem lá til grundvallar vinnunni. Undir lok vinnunnar, eða í byrjun janúar 2017, var boðað til sérstaks samráðsfundar með öllum aðilum saman sem höfðu komið að afmörkuðum fundum til að kynna stöðu húsrýmislykilsins og fá lokaviðbrögð á gerð hans.

Húsrýmislykill þarf að vera tilbúinn í janúar 2017 vegna væntanlegs útboðs um hönnun og byggingu skólans.

Virðingarfyllt,


Fanney Dóttir Halldórsdóttir, sviðsstjóri